



Lesskilningur



4 | 9 | 11



1 | 3 | 8




2 | 7 | 10




5 | 6 | 12

Prjár setningar passa við hverja mynd!

- 1 Peir klæða sig.
- 2 Bensi er búinn að moka tröppurnar.
- 3 Bræðurnir tala saman.
- 4 Hún stingur hárlókk undir húfuna.
- 5 Hún horfir út um gluggann.
- 6 Þær vinka hvor annarri.
- 7 Hann vaknaði fyrir allar aldir.
- 8 Pabbi kallar til þeirra að flýta sér.
- 9 Hún er ekki lengur ung.
- 10 Hann býr á efri hæðinni.
- 11 Í slyddu og roki er erfitt að bera út blöð.
- 12 Foreldrar hennar eru sofandi.





Lesskilningur




Þrjár setningar passa við hverja mynd!



- 1 Glaðvaknaðir og í hrókasamræðum.
- 2 Hér búa þrjár fjölskyldur.
- 3 Er með vindinn og slydduna í fangið.
- 4 Eru alls ekki á sama máli um leikinn.
- 5 Brunahaninn er á bak við hana.
- 6 Skimar eftir félögum sínum en sér þá ekki.
- 7 Sjá hvor aðra oft á morgnana.
- 8 Grýlukertin hanga niður báðum megin.
- 9 Pabbi er orðinn óþolinmóður og rekur á eftir þeim.
- 10 Nú eru fá blöð eftir í blaðakerrunni.
- 11 Vaknar yfirleitt fyrir allar aldir.
- 12 Vinnan er mikið puð í þessari veðráttu.





Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 30-31

1 Handarbak.

4

Ljósin eru kveikt.

2 Vaknar mjög snemma.

3

Það mótar fyrir honum.

3 Hann sést ógreinilega.

2

Vaknar fyrir allar aldir.

4 Allt er *uppljómað*.

1

Ofan á hendinni.

Rangt og rétt


Dragðu strik yfir TVÆR rangar setningar.

Þegar Gulla hættir að vinna ætlar hún

1 ~~alltaf að vakna snemma á morgnana.~~

2 að sofa fram eftir á morgnana.

3 ~~að vakna fyrir allar aldir.~~



Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 30-31


- | | | | |
|---|--|-----|--------------------------------------|
| 1 | Þeir bera út blöð á hverjum degi. | (6) | Hann tók sér langan tíma í að borða. |
| 2 | Það er snjókoma og mikil bleyta í snjónum. | (5) | Hann <i>gáir til</i> veðurs. |
| 3 | Á efri hæðinni er allt <i>uppljómað</i> . | (4) | Að erfiða. |
| 4 | Að <i>puða</i> . | (2) | Það er <i>slydda</i> . |
| 5 | Hann kannar hvernig veðrið er. | (3) | Uppi er búið að kveikja öll ljósin. |
| 6 | Hann <i>hangsaði</i> við matinn. | (1) | Blaðberar. |

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir TVÆR rangar setningar.

Þegar Gulla hættir að vinna ætlar hún

- 1 ~~að vakna snemma á morgnana~~.
- 2 að sofa fram eftir á morgnana.
- 3 ~~að vakna fyrir allar aldir~~.
- 4 ekki að vakna fyrir allar aldir.



Lesskilningur

6 10 11


Þrjár setningar eiga við hverja mynd

3 5 12


- 1 Brátt verður hringt inn.
- 2 Snjóboltarnir fljúga á milli.
- 3 Bráðum verður hann einn eftir heima.
- 4 Vinir þeirra búa á 1. hæð.
- 5 „Þið eigið að borða nestið ykkar í skólanum.“
- 6 Matarlystin er ekki mikil.
- 7 Það rétt grillir í nef og augu.
- 8 Allir krakkar í hverfinu koma hingað á morgnana.
- 9 Pessa viku eru þeir hjá pabba sínum.
- 10 „Mér finnst að skólinn ætti að byrja klukkan tíu á mánudögum.“
- 11 Bráðum hringja vinir þeirra dyrabjöllunni.
- 12 Talar við börnin en kíkir líka í blaðið.

4 7 9

1 2 8



Lesskilningur




4 9 10



3 7 12




1 6 11



2 5 8

Þrjár setningar passa við hverja mynd!

- 1 Þeir ætla að vera samferða tvíburunum.
- 2 Snjókast.
- 3 „Munið eftir því að borða nestið.“
- 4 Þau eru syfjuð og breytt.
- 5 Bráðum verður hringt inn.
- 6 Þeir eru dúðaðir, því það er kalt úti.
- 7 Hann leggur þeim lífsreglurnar.
- 8 Krakkarnir í hverfinu koma öll hingað á morgnana.
- 9 Hann styður hönd undir kinn.
- 10 Þau eru ekki sérlega svöng.
- 11 Þeir hringja dyrabjöllunni.
- 12 Blaðið liggur á borðinu.



Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 31-32


- 1 Ekki hangsa við matinn.
 - 2 Dúðaður.
 - 3 Brauðið kom ósnert heim.
 - 4 Ég segi ykkur hvað þið eigið að gera.
 - 5 Lokaðu í snatri.
- 2 Mikið klæddur.
 - 3 Það var ekki búið að borða brauðið.
 - 5 Vertu fljótur að loka.
 - 1 Ekki vera allt of lengi að borða.
 - 4 Ég legg ykkur lífsreglurnar.

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir EINA ranga setningu.

Ara og Önnu finnst mánudagar erfiðir af því að

- 1 þeim finnst erfitt að vakna á mánudögum.
- 2 ~~bau mega ekki vera hoima í tölvuleikjum.~~
- 3 þau fara allt of seint að sofa á sunnudagskvöldum.



Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 31-32

- 1 Börnin sinntu náminu með *hangandi hendi*.
 - 2 Halla kallar til Önnu og Ara:
Búið um rúmin ykkar. Gangið frá í töskunni. Komið svo að borða.
 - 3 Ekki *hangsa* svona við matinn.
 - 4 Hann fer í hlýja úlpu, setur trefil um hálsinn á sér og dregur húfuna niður að augum.
 - 5 Nestið á ekki að koma ósnert heim.
- (5) Það á að borða nestið sitt í skólanum.
 - (1) Krakkarnir voru áhugalausir við námið.
 - (4) Hann *dúðar sig* vel.
 - (2) Hún *leggur* börnunum *lífsreglurnar*.
 - (3) Verið ekki svona lengi að borða.


Rangt og rétt

Dragðu strik yfir TVÆR rangar setningar.


Ara og Önnu finnst mánudagar erfiðir af því að

- 1 ~~þá er alltaf hafragrætur sem þeim finnst vondur.~~
- 2 þau eru syfjuð og þreytt.
- 3 þau fara allt of seint að sofa á sunnudagskvöldum.
- 4 ~~þau vilja vera heima í tölvuleikjum.~~

Lesskilningur



3 | 6 | 8




2 | 4 | 7



1 | 5 | 9

þrjár setningar passa við hverja mynd!

- 1 Hún verður að bíta í það súra epli að komast ekki á tónleikana.
- 2 Þetta er nú meira puðið.
- 3 „Við skulum velta þessum til skiptis.“
- 4 Boltinn byrgir þeim sýn.
- 5 Hún ætlaði út með vinkonu sinni.
- 6 Hún byrjar með boltann.
- 7 Þeir hjálpast að.
- 8 Henni finnst gaman.
- 9 Hún er í sparifötunum.




Lesskilningur

Settu x í reitinn hjá rétta svarinu.



Hún er glöð af því að

- hún á von á vinum sínum.
- hún er búin að bíða lengi eftir snjókomu.
- það er gott að búa til snjóbolta úr þessum snjó.
- hún hlakkar til að fara í skólann.




Boltinn byrgir þeim sýn merkir að

- boltinn er orðinn stór.
- þeir horfa beint í boltann og sjá ekki það sem er fyrir framan hann.
- þeir eru alveg að gefast upp.
- þeir sjá ekki boltann fyrir birtunni frá ljósastaurnum.



Að verða að bíta í það súra epli merkir að

- miðinn á tónleika hefur týnst.
- að þurfa að sætta sig við orðinn hlut.
- neyðast til að borða eitthvað súrt.
- fara í fýlu.



Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 32-33


- | | |
|-----------------------------|------------------------------|
| 1 Hún er hissa og ósammála. | (2) Hún skríður. |
| 2 Elam er á fjórum fótum. | (5) Anna er dauðhrædd. |
| 3 Hann stækkar mjög hratt. | (1) Hún er hneyksluð. |
| 4 Fyrr en varir. | (4) Fljótt. |
| 5 Hún er skelfingu lostin. | (3) Boltinn stækkar óðfluga. |

Rangt og rétt


Dragðu strik yfir EINA setningu sem er röng.

„Að verða að bíta í það súra epli“...

- 1 er orðatiltæki.
- 2 ~~er auglýsing~~
- 3 er að þurfa að gera eitthvað sem mann langar ekki til.



Með öðrum orðum



- 1 *Pannig týnist tíminn.*
- 2 *Það tefur þau ekki baun í bala.*
- 3 *Getur varla ýtt boltanum.*
- 4 *Eru á fjórum fótum.*
- 5 *Er hissa á vinkonu sinni og alls ekki sammála henni.*

- (5) *Er hneyksluð.*
- (4) *Skríða.*
- (1) *Það gleymist hvað tímanum líður.
Menn gleyma sumu sem hefur gerst.*
- (3) *Á fullt í fangi með að mjaka
boltanum úr stað.*
- (2) *Þau tefjast ekki neitt.*

Rangt og rétt


Dragðu strik yfir tvær rangar setningar.

„**Að verða að bíta í það súra epli**“

- 1 er orðatiltæki.
- 2 ~~er auglýsing~~
- 3 merkir að þurfa að gera eitthvað sem mann langar ekki til.
- 4 ~~merkir að manni þykja græn, súr opli góð.~~

Svær við báðum lesskilningsverkefnum

Hjálp!
Málsgrein byrjar á stórum staf og lýkur með punkti.



Lesskilningur

Ari er fljótfær. Stundum hugsar hann sig ekki um áður en hann framkvæmir. Í textanum hér við hliðina er málsgrein sem sýnir það.

Strikaðu undir hana.

Anna er kurteis og veit hvernig á að hegða sér gagnvart fullorðnu fólk.

Í textanum hér við hliðina eru málsgreinar sem sýna það.

Strikaðu undir þær.

Það er enginn á ferli í anddyri skólans þegar krakkarnir koma inn.

Þau sparka af sér stígvélunum og taka stigann upp á 2. hæð í nokkrum skrefum.

Svo skutla þau útifötunum á snagana sína framan við skólastofuna.

Ari hendir sér á hurðarhúninn
og ætlar að rífa upp hurðina.

Anna stjakar við honum svo hann hrasar.

- Hvað er eiginlega að þér Anna?

- Ekki ryðjast inn í stofuna,
dóninn þinn, segir Anna.

Við verðum að vera kurteis,
þá verður Inga ekki eins reið.

Anna ýtir þeim öllum frá.

Hún ber að dyrum, þrjú laus högg.

Svo opnar hún varlega
og segir lágum rómi:

- Afsakið hvað við komum seint.


Hin muldra það sama fyrir aftan hana.

Sextán andlit líta upp úr bókunum.

Í augum þeirra er eftirvænting.

Eitthvað spennandi er í aðsigi.

Með öðrum orðum



Hjálp!
Bók
bls. 33-34


- | | |
|----------------------------|------------------------------|
| 1 Stjakar við. | ② Pað er komið frost. |
| 2 Pað er farið að frysta. | ⑤ Varla. |
| 3 Muldrar. | ④ Skotra augunum á einhvern. |
| 4 Líta á einhvern í laumi. | ① Ýtir við. |
| 5 Vart. | ③ Segir lágt og ógreinilega. |

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir EINA setningu sem er röng.

„Við bitum í það súra epli“ segir Elam góð með sig.

- 1 „Að vera góður með sig“ merkir að vera ánægður með sig.
- 2 Elam er svoltíð montin. Hún er nýbúin að læra þetta orðatiltæki.
- 3 „Að vera góður með sig“ er að vera saddur.



Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 33-34

- | | | | |
|---|--|-----|---|
| 1 | Krakkarnir segja það sama
og Anna í lágum rómi. | (2) | Eitthvað er að fara að gerast. |
| 2 | Það er eitthvað í aðsigi. | (4) | Að eiga erfitt með að koma
út úr sér orðunum. |
| 3 | Ari er næstum dottinn því
Anna ýtti við honum. | (5) | Þau eru grunuð um að eiga sökina. |
| 4 | Að tafsa. | (1) | Þau <i>muldra</i> sömu orðin
og Anna. |
| 5 | <i>Böndin berast að þeim.</i> | (3) | Anna <i>stjakaði</i> við Ara svo hann var
nærri dottinn. |



Rangt og rétt

Dragðu strik yfir tvær rangar setningar.

„Við bitum í það súra epli“ segir Elam góð með sig.

- 1 ~~Elam er góð með sig. Það merkir að hún sé södd:~~
- 2 Elam veit hvað orðatiltækið „Að bíta í það súra epli“ merkir.
- 3 „Að vera góður með sig“ merkir að vera ánægður með sig.
- 4 ~~„Að vera góð með sig“ merkir hér að Elam vill vera góð við alla.~~

Lesskilningur



2 5 11



3 6 9







4 8 10



1 7 12

þrjár setningar passa við hverja mynd!


- 1 Hímir upp við húsið.
- 2 Er orðin of sein í vinnuna.
- 3 „Fæturnir á mér eru eins og ísklumpar.“
- 4 Óánægðar.
- 5 Er brúnaþung og reið.
- 6 „ÉG kem boltanum fyrir kattarnef.“
- 7 Horfir þögul á vini sína.
- 8 Hún nær slöngunni af honum stuttu síðar.
- 9 Hann er klókur og fékk góða hugmynd.
- 10 Önnur er ljós yfirlitum en hin dökk.
- 11 Gat ekki bakkað bílnum frá húsinu.
- 12 Lætur lítið bera á sér.



Þrjár setningar passa við hverja mynd!

- 1 Er með krosslagðar hendur og hímir upp við húsið.
- 2 Stendur lengi kyrr í snjónum með slönguna og verður jökulkalt á fótunum.
- 3 Vill ekki verða rennandi blaut.
- 4 Óánægjan skín úr andlitnum.
- 5 Er öskureið og bíður eftir sökudólgunum.
- 6 Miðar og hittir svo beint á hvíta flykkið.
- 7 Segir ekki orð og lætur lítið bera á sér.
- 8 Er orðin of sein í vinnuna.
- 9 Átti hugmyndina um hvernig best væri að eyða snjóboltanum.
- 10 Önnur er ljós yfirlitum en hin dökk.
- 11 Gat ekki bakkað bílnum sínum út á götuna.
- 12 Vill líka fá að sprauta á snjóboltann og nær loksins slöngunni af Ara.

Með öðrum orðum



Hjálp!
Bók
bls. 34-36

- | | |
|---------------------------------|---------------------------------------|
| 1 Snjall ertu. | (3) Hreyfist ekki úr stað. |
| 2 Hekla er orðin <i>byrst</i> . | (1) Klókur ertu. |
| 3 <i>Bifast</i> ekki. | (4) Höldum áfram. |
| 4 Áfram með smjörið. | (5) Hljóð sem heyrast í svöngum maga. |
| 5 <i>Garnagaul</i> . | (2) Málrómurinn hennar er reiðilegur. |


Rangt og rétt

Dragðu strik yfir EINA setningu sem er röng.

Krakkarnir voru ósátt við Ara af því að

- 1 hann var eicingjarn.
- 2 ~~hann átti hugmyndina með slönguna.~~
- 3 þau vildu líka fá að koma snjóboltanum fyrir kattarnef.

Með öðrum orðum



Hjálp!
Bók
bls. 34-36

- 1 Það verð ég sem eyðilegg snjóboltann.
 - 2 Hann gefur sig ekki.
 - 3 Petta er aldeilis gott ráð.
 - 4 Áfram með smjörið.
 - 5 Er orðin glaðlegri á svipinn.
- (3) Petta finnst mér *heillaráð*.
 - (4) Höldum áfram.
 - (5) Það léttist á henni *brúnin*.
 - (1) Ég kem boltanum fyrir kattarnef.
 - (2) Hann lætur ekki undan.

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir tvær rangar setningar.

Krakkarnir voru ósátt við Ara af því að

- 1 hann var eicingjarn.
- 2 ~~hann átti hugmyndina með slönguna.~~
- 3 þau vildu líka fá að koma snjóboltanum fyrir kattarnef.
- 4 ~~hann sprautaði vatni á þau.~~